



Umsókn um ábyrgð vegna ferðaskrifstofuleyfis

Númer ábyrgðarskjals
GI

Umsækjandi

Nafn		Kennitala
Heimilisfang, póstnúmer og staður	Netfang	Símanúmer
Nafn tengiliðs (ef umsækjandi er lögaðili)	Netfang	Símanúmer

Ábyrgðarþegi

Nafn og kennitala
Ferðatryggingasjóður, kt. 640821-1750

- Umsókn um nýja ábyrgð
- Umsókn um breytingu á núgildandi ábyrgð

Fjárhæð ábyrgðar

Annað sem umsækjandi vill taka fram

Skuldfærslureikningur

Banki – Hb – Reikningsnúmer

Umsækjanda ber að greiða gjöld vegna ábyrgðarinnar, þ.m.t. þóknun, umsýslugjald og annan kostnað, samkvæmt verðskrá Landsbankans hverju sinni. Með undirritun sinni heimilar umsækjandi Landsbankanum að skuldfæra gjöldin af skuldfærslureikningi sínum.

Í tilefni af umsókn um ferðaskrifstofuleyfi vegna sölu pakkaferða og samtengdrar ferðatilhögunar, óskar umsækjandi hér með eftir því að Landsbankinn hf., kt. 471008-0280, takist á hendur ábyrgð á greiðslum til Ferðatryggingasjóðs, allt að ofangreindri fjárhæð, samkvæmt lögum nr. 95/2018 um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun og reglugerð nr. 812/2021 um Ferðatryggingasjóð, með síðari breytingum.

Komi til niðurfellingar aðildar að Ferðatryggingasjóði og þar með niðurfellingar ferðaskrifstofuleyfis umsækjanda, samkvæmt 14. gr. laga nr. 96/2018 um Ferðamálastofu, skal ábyrgðarfjárhæðin að einhverju eða öllu leyti greidd til Ferðamálastofu f.h. Ferðatryggingasjóðs, samkvæmt einhliða skriflegri kröfu Ferðatryggingasjóðs þar að lútandi. Ferðatryggingasjóður eða eftir atvikum Ferðamálastofa ákvarðar hvort og hve mikið greitt skuli af ábyrgðarfjárhæðinni, í samræmi við ákvæði laga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun, en við greiðslu lækkar ábyrgðarfjárhæðin sem greiðslunni nemur.

Ábyrgð þessi fellur úr gildi að liðnum sex mánuðum eftir niðurfellingu/brottfall leyfis samkvæmt lögum um Ferðamálastofu, eða eftir að starfsemi er hætt.

Að öðru leyti skal ábyrgðin vera ótímabundin, en Landsbankanum er heimilt að segja upp ábyrgð þessari með sex mánaða fyrirvara með skriflegri tilkynningu til umsækjanda og Ferðamálastofu f.h. Ferðatryggingasjóðs, og miðast uppsagnafresturinn við móttöku Ferðamálastofu á tilkynningunni.

Ef vanskil verða á greiðslu framangreindra gjalda eða forsendur fyrir ábyrgðinni bresta að öðru leyti áskilur bankinn sér rétt til þess að segja ábyrgðinni upp. Skrifleg tilkynning um uppsögn er send til umsækjanda og Ferðamálastofu f.h. Ferðatryggingasjóðs.

Komi til greiðslu Landsbankans á grundvelli ábyrgðarinnar öðlast bankinn endurkröfurétt á hendur umsækjanda. Greiði umsækjandi ekki kröfu bankans reiknast dráttarvextir samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af endurkröfufjárhæðinni frá greiðsludegi bankans. Um kostnað af frum- og milliinnheimtu fer skv. verðskrá Landsbankans á hverjum tíma eða gjaldskrá frá ytri innheimtuaðila sem Landsbankinn hefur falið innheimtu vanskila. Um gjald fyrir löginheimtu fer eftir gjaldskrá löginheimtuaðila.

Til staðfestingar ofangreindu er skjal þetta undirritað með eiginhandarundirskrift. Ef skjalið er undirritað með rafrænum hætti skal það undirritað með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

Staður og dagsetning

Undirritun